

**13. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar haldinn  
Fundarsalur Álftavers,  
13. október 2020, kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Samúel Kristjánsson, Valgeir Scott, Þorbergur Kjartansson, Bragi Þór Thoroddsen og Jóhann Birkir Helgason.

**Fundargerð ritaði: , .**

**1. Umsókn um framkvæmdaleyfi, Hattardal - 2008005**

Lagður fram tölvupóstur frá Sverri Péturssyni dags. 27.08.2020 þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir gerð vegar frá túni Meiri-Hattardals að stöðvarhúsi, gerð slóða að inntaksstíflu, plægingu rafstrengs og ljósleiðara frá stöðvarhúsi að Meiri-Hattardal I og II ásamt lagningu fallpípu frá inntaksstíflu að stöðvarhúsi.

*Framkvæmdin er ekki tilkynningarskyld sbr. viðauka 2 í lögum um mat á umhverfisáhrifum.*

*Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulag.*

*Framkvæmdin hefur ekki áhrif á fornleifar sbr. fornleifakonnun í Hattardal frá 2018.*

*Í 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 segir að við mat á leyfisumsókn skal líta til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. og jafnramt huga að mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og aðþjóðlegu samhengi.*

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd telur að framkvæmdin hafi ekki áhrif á þá þætti sem fram koma í 61. laga um náttúruvernd þrátt fyrir að fjarlægja þurfi eitthvað af birki. Ekki er um að ræða sérstæðan eða vistfræðilega mikilvægan birkiskóg. Bent er á að upp úr 1980 fór sauðfé á svæðinu að fækka og því hefur birkiskógurinn stækkað til muna. Stígur var fram dalinn þar sem nú er áformað að leggja slóða. Hann er nú ófær gangandi manni sökum birkis. Þá voru mýrar ofan við og í núverandi birkiskógi nýttar til slægju.*

*Nefndin leggur því til við sveitarstjórn að framkvæmdaleyfi verði veitt til samræmis við umsókn og deiliskipulag.*

*Samþykkt*

**2. Útilistaverk við Raggagarð - 2009008**

Tekið fyrir erindi frá Vilborgu Arnarsdóttur framkvæmdastjóra Raggagarðs dags 27.09.2020 þar sem óskað er eftir að fá að steypa vegg fyrir listaverk Jóns Gunnars utan við lóð Raggagarðs.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

**3. Deiliskipulag í Folafæti - 1910005**

Deiliskipulagstillaga fyrir Vébjarnastaði í Folafæti var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2000, gefinn var sex vikna frestur til athugasemda, frá 26. ágúst

til og með 7. október 2020. Engin athugasemd barst.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja áður auglýsta deiliskipulagstillögu.*

*Samþykkt*

#### **4. Ljósleiðaratenging inn í Sængurfossvirkjun - 2010001**

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Ólafi Fannberg fyrir hönd Arnarrós hf þar sem fram kemur að léleg og óáreiðanleg fjarskipti hamli mjög fjarstýringu og eftirliti með Sængurfossvirkjun. Óskað er eftir að Súðavíkurreppur komi að málinu.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að ljósleiðaratengingar eru stutt á leið komnar í hreppnum og getur því ekki komið að þessu verkefni.*

*Hafnað*

#### **5. Felling trjáa við Holtagötu - 2010002**

Erindi frá íbúum við Holtagötu 27 og 29 þar sem óskað er eftir að leyfi til að fella tré (Aspir) ofan við húsin. Trén eru utan lóðarmarka og því ekki í eigu lóðarhafa.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að trén eru í eigu Súðavíkurrepps. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að fengin verði leiðsögn fagfólks um grisjun á gróðri í þéttbýlinu.*

*Samþykkt*

Fundi slitið kl. 17:00.

---

Anna Lind Ragnarsdóttir

---

Hulda Gunnarsdóttir

---

Samúel Kristjánsson

---

Valgeir Scott

---

Þorbergur Kjartansson

---